

SAMPYKKT

um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsfjarðarkaupstað skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18.00 og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9.00 árdegis næsta virka dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.00. Síðasta laugardag fyrir jól eða annan virkan dag skömmu fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 22.00. Á laugardögum í desember skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 18.00 en aðra laugardaga ársins til kl. 16.00. Áföstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.00.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudaginn í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar samanber þó 4. og 5. gr.

4. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða þannig, að heimilt sé að selja í gegnum söluop, sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl frá kl. 8.00 til kl. 22.00 og enn fremur föstudaga og laugardaga til kl. 23.30. Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september frá kl. 8.00 til kl. 23.30.

Má á verslunarstöðum þessum selja þann varning sem heilbrigðisnefnd samþykki hverju sinni og er umbúnaður heirra og fyrirkomulag háð samþykkt heilbrigðisnefndar. Í verslunarstöðum þessum má sala fara fram á virkum og helgum dögum. Þá skal lokað á föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag og nýársdag. Aðfangadag jóla skal loka kl. 13.00 og á gamlársdag kl. 15.00.

Bæjarstjórn getur leyft að fengiðni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8.00 til kl. 23.30 á tímabilinu 1. maí til 30. september sbr. 3. mgr. 5. gr.

Á sölustöðum þessum skal heimilt að selja eftirtaldir vörur:

Dagblöð, tímarit, kort, frímerki, tóbaksvörur, eldspýtur, öl og gosdrvki, ís, sælgæti, nýja ávexti, heitar pylsur, niðursuðuvörur, ávextasafa, kaffi, te, kakó, innpakkað kex, harðfisk, raksápu, handsápu, tannkrem, tannbursta, greiður, bómull, dómuhindi, skyndiolástur, W.C. pappír, rafhlöður, rafmagnsnerur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, minjagripi, spil, kvensokka og vettlinga.

Fyrir leyfi til verslunarreksturs samkvæmt þessari grein skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs. Bæjarstjórn ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki.

Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um leyfi til verslunarreksturs skv. þessari grein m. a. að leyfið sé afturkallanlegt hvenær sem er ef leyfisskil-yrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru veitingastaðir er selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi heilbrigðisnefndar. Skal þeim heimilt að hafa opið frá kl. 8.00 árdegis til kl. 23.30 síðdegis.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða nokkurn þann varning sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

Varðandi farandssala, er vilja selja vörur sínar í Ólafsfjarðarkaupstað komi til leyfi bæjarstjórnar gegn ákveðnu gjaldi.

Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa utan lokunartíma sölubúða.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samþykkt skv. lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felld fyrri ákvæði um lokunartíma sölubúða í Ólafsfjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Borgarneshrepps.

I. KAFLI

Um skipun herppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum samkv. lögum nr. 5/1962.